Erindi um íslenskar næringarefnatöflur

AÐ loknum aðalfundi Manneldisfélags Islands, sem haldinn verður í Odda í kvöld, 11. febrúar, mun Olafur Reykdal matvælafræðingur flytja erindi um íslenskar næringarefnatöflur. Uppi eru hugmyndir um að setja inn í slíkar töflur upplýsingar um aukaefni og jafnvel aðskotaefni í matvælum.

Olafur vinnur nú að því að taka saman niðurstöður rannsókna á efnainnihaldi íslenskra matvæla, sem notaðar verða við útgáfu íslenskra næringarefnataflna. Hann starfar á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og á sæti í Manneldisráði Islands. Danskur sérfræðingur er væntanlegur til landsins síðar á þessu ári og mun einnig vinna að gerð næringarefnataflnanna.

A dagskrá aðalfundar Manneldisfélags Islands er greinargerð formanns um félagsstarf á síðasta ári, en í henni verður m.a. fjallað um athugasemdir félagsins við nýlega álagningu söluskatts og annarra gjalda a´ matvæliauk annara aðalfundarstarfa.

Fundurinn hefst klukkan 20.30 í stofu 101 í Odda, hugvísindahúsi Háskólans. Kaffi í boði Manneldisfélagsins verður framreitt frá klukkan 20.00 í kaffistofunni.

Dan Turéll flytur fyrirlestur

DANSKI rithöfundurinn Dan Turéll flytur opinberan fyrirlestur í boði heimspekideildar Háskóla Íslands föstudaginn 12. febrúar.

Fyrirlesturinn nefnist „Dan Turélls egne krimier" og verður fluttur á dönsku.

Dan Turéll kemur hingað til lands til að vera viðstaddur frumsýningu kvikmyndar sem gerð var eftir sögu hans „*Mord i mørke*".

Fyrirlesturinn verður í stofu 101 í Odda og hefst kl. 17.15. Öllum er heimill aðgangur.



Morgunblaðið/BAR

Guðjón Pálsson formaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Friðrik Sophusson iðnaðarráðherra við opnun sýningarinnar Húsgögn og hönnun '88 á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Sýning á nýjungum í hönnun og framleiðslu íslenskra húsgagna

SÝNINGIN Húsgögn og hönnun '88 á Kjarvalsstöðum, þar sem sýndar eru nýjungar í hönnun og framleiðslu íslenskra húsgagna, var opnuð formlega sl. föstudag af Friðriki Sophussyni iðnaðarráðherra. Þá voru einnig veitt verðlaun og viðurkenningar í samkeppni um hönnun húsgagna sem Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda stóð fyrir. Frumgerðir í samkeppninni eru á meðal annarra húsgagna á sýningunni sem stendur til 14. febrúar nk.

Fyrstu verðlaun í samkeppninni, 250 þúsund krónur, hlaut Þorsteinn Geirharðsson, arkitekt, fyrir póstkassa. Fjórir keppendur hlutu 50 þúsund króna viðurkenningu hver, Eyjólfur E. Bragason fyrir stól, Gunnlaugur H. Friðbjarnarson fyrir borð, Ingimar Þór Gunnarsson fyrir stól og Pétur B. Lúthersson fyrir stól. Dómnefndina skipuðu Valdimar Harðarson, arkitekt, Eyjólfur Axelsson, framkvæmdastjóri og Gunnar H. Guðmundsson húsgagnaarkitekt.

Vefurinn sífelldi

Ný ljóðabók eftir Helga Sæmundsson

ÚT ER komin ljóðabókin Vefurinn sífelldi eftir Helga Sæmundsson, ritstjóra. Þetta er níunda bók Helga, en næsta bók á undan þessari kom út árið 1981.

Helgi Sæmundsson segir að bók þessi sé framhald af því, sem hann hafi verið að gera til þessa og hafi bókin verið lengi í smíðum, enda unnin í tómstundum. „Ég er að reyna að halda þessu við," sagði hann í samtali við Morgunblaðið.


Fyrsta ljóðabók Helga kom út árið 1940 og heitir Sól yfir sundum. Síðan hafa komið út eftir hann nokkrar ljóðabækur, palladómar og Íslenzkt skáldatal í samvinnu við Hannes Pétursson.



Helgi Sæmundsson

Vefurinn sífelldi er rúmar 100 síður að stærð, innbundin og gefin út af Skákprenti í Reykjavík. Bókfell hf batt bókina inn.

afmælistilboð Gellis



IDEAL COLOR 3426 OSCAR

AFMÆLISTILBOÐ 1

22" ITT SJÓNVARPSTÆKI MEÐ FJARSTÝRINGU
VANDAÐ VESTUR-ÞÝSKT GÆÐATÆKI

Verð kr. 52.225.-
Tilboðsverð kr. 39.960.-

TILBOÐIÐ STENDUR TIL 1. MARS '88 OPIÐ LAUGARDAGA TIL KL. 16.00

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

GELLIR HF

20 ÁRA ÖRUGG ÞJÓNUSTA

SKIPHOLT 7 S: 20080 - 26800

augljós 33.014

JOKI

FÆRIBANDA-MÓTORAR

HÉÐINN

VÉLAVERSLUN SÍMI 624260
SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA – LAGER

ARGUS/SÍA